Skemmtilegur laugardagur

Laugardaginn 3. desember gerum við okkur glaðan dag á aðventunni eins og undanfarin ár.
Byrjum í húsi Hákarla Jörundar kl. 14.00 og hlustum á upplestur og söng.

Á eftir verður kaffihlaðborð í Brekku kl. 15.00 – 16.30.

Kl. 18.00 verður svo kveikt á leiðalýsingu og að venju verður hugvekja í kirkjugarðinum.

Við hvetjum alla Hríseyinga að taka þátt í því sem boðið er upp á fram að jólum og njóta þess að eiga saman skemmtilegar stundir í skammdeginu.



Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar - www.hrisey.net
Ábyrgðarmaður: Stjórnin.

FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

KARRINN

Nóvember 2011
5. árgangur 5. tölublað



Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni www.hrisey.net

Hugleiðingar stjórnar.

Það að Karrinn sé kominn í hús þýðir bara eitt, það eru að koma jól. Við höldum galvösk áfram að gefa Karrann út og vonum að lesendur hafi gaman að því að lesa hann. Það er nefnilega oft þannig að hlutir verða sjálfsagðir og við gleymum að minnast á það sem er jákvætt og skemmtilegt, gleymum okkur í því sem er neikvætt. Stefnan hjá okkur með Karrann er og verður sú að birta hér eingöngu jákvæðar og skemmtilegar fréttir úr Hrísey. Fastir punktar í blaðinu eru fréttir úr skólastarfinu, frásagnir, sögur eftir nemendur Hríseyjarskóla, aðventudagatal og fréttir af fyrirtækjum en einnig má hér finna ýmislegt fleira. Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Hanna Hauksdóttir
Ingimar Ragnarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Víðir Björnsson
Þorgeir Jónsson
Þröstur Jóhannsson

Nudd

Jólatilboð í nudd hjá Þóri, 3 tímar á verði tveggja.
Upplýsingar í síma 554-2031 og 891-8247
Býð einnig upp á gjafabréf.

Fjórar hendur

Jónína og Þórir bjóða saman upp á Höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð í sundlauginni og einnig á meðferðarbekk. Einstakt tækifæri.
Tveir meðferðaraðilar á verði eins.
Jónína sími 846 – 6769 - Þórir sími 891 - 8247.

Handgerð kerti

Rósa Kára er með handgerð kerti til sölu og tekur á móti kertavaxi. Tilvalið í jólapakkann. Einnig eru jólakortin frá Blindrafélaginu til sölu hjá henni og þau fást líka í Sparisjóðnum.

Snyrting

Ég býð upp á flesta almenna snyrtingu á mjög góðu verði. Verðdæmi: Augnhára og brúnalitun + plokkun kr. 3.000. Húðhreinsun kr. 4.900.
Ég hef einnig tekið til starfa sem hómópati.
Jónína sími 846-6769

Bara jákvætt

Færeyjarferð miðdeildar Hríseyjarskóla

Ég vaknaði klukkan sex á mánudagsmorgni, fór í sturtu, burstaði tennurnar, græjaði hárið og borðaði morgunmat. Síðan fór ég niður á bryggju og var kominn í ferjuna fyrir sjö. Við þurftum að bíða í 2 tíma á Akureyrarflugvelli. Eftir að við komum til Reykjavíkur fréttum við að fluginu til Færeyja hafði seinkað um klukkutíma, sem gerði það að verkum að við þurftum að bíða í aðra tvo tíma þar líka. Flugum við síðan af stað en það var svo mikil þoka í Færeyjum að við gátum ekki lent þar. Eftir að við höfðum sveimað í hringi yfir Færeyjum í klukkutíma flugum við yfir til Bergen í Noregi og tókum bensín. Síðan flugum við til Færeyja og þá gátum við lent um leið.
Daginn eftir fórum við til Vestmanna, skoðuðum skólann sem er grænfánaskóli líkt og okkar skóli, kirkjuna og bát skólastjórans, Bjarna í Kvívík. Einnig fórum við í sjoppuna og á vaxmyndasafnið sem er Sögusafn færeyinga. Það er sami maðurinn sem gerði þær vaxmyndir og gerði vaxmyndirnar á safninu í Perlunni.
Næsta morgun fórum við til Klaksvíkur og skoðuðum aðra kirkju, þá stærstu í Færeyjum, í sund í stærstu sundlaug í Færeyjum, og fórum líka í bakarí og fengum að borða og enduðum á því að fara niðrí bæ á búðarölt í slagviðrisrigningu.

Í þetta skiptið komu krakkarnir frá Kvívík með okkur. Um kvöldið gistu krakkarnir svo með okkur í skólanum. Þau kenndu okkur meðal annars færeyskan dans.
Daginn eftir fórum við til Þórshafnar, þar sem við skoðuðum Norræna húsið, fórum á listasafnið og skoðuðum höggmyndagarðinn þar í kring. Fórum svo í verslunarmiðstöðina, SMS og þar kláraði ég peninginn minn. Um kvöldið fórum við út að borða á flottum veitingastað. Allir voru orðnir þreyttir þegar við fórum að sofa. Við þurftum að vakna klukkan sex um morguninn og áttum við svo vandræðalaust flug heim. Þrátt fyrir að þetta væri mjög skemmtileg ferð þá voru allir glaðir að komast heim.

Rúnar Freyr 7. bekk

Munið að yfirfara reykskynjara og tæki fyrir hátíðarnar.

Slökkviliðið

Skelfélagið ehf

Skelfélagið í Hrísey er nýtt félag sem byggt er á gömlum grunni Norðurskeljar en það félag hafði um rúmlega tíu ára skeið verið í fylkingarbrjósti í þróun ræktunar og framleiðslu Bláskeljar á Íslandi. Mikil þekking er til staðar í hinu nýja félagi og er það auk þess vel tækjum búið til að takast á við hið krefjandi verkefni að færast af Nýsköpunar og þróunarstigi yfir í fullskapað framleiðslu og markaðsfyrirtæki á næstu misserum. Hið nýja fyrirtæki ræktar, vinnur og selur hágæða lifandi Bláskel á innanlandsmarkað og til útflutnings. Einnig er unnið að þróun frekari vinnsluaðferða til að efla og styrkja rekstrargrunn fyrirtækisins til lengri tíma litið.
Starfemin sveiflast nokkuð eftir árstíðum og er reiknað með að stöðugildi fyrirtækisins verði 5 til 10 í byrjun en áætlanir gera ráð fyrir að það aukist jafnt og þétt á komandi árum.
Ræktun Bláskeljar er sjálfbær og vistvæn ræktun. Engum aukaefnum, fóðri eða lyfjum er bætt í sjóinn við ræktunina og umhverfisrask er nánast ekkert. Auk þess að vera herramanns matur þá er Bláskelin sannkallað heilsufæði. Rík af Omega 3, A og D vítamínum, járni og próteinum en mjög lág í hitaeiningum. Síðast en ekki síst er hún bæði fljót- og auðelduð og því má til sanns vegar færa að hún sé heilsusamlegur skyndibiti úr hafinu.

Jóhannes M. Jóhannesson

Fréttir af starfsemi Ferðamálafélagsins

Aðalfundur félagsins var haldinn á vordögum og varð sú breyting á stjórninni að Guðrún Kristjánsdóttir hætti í stjórn en hún hefur séð um fjármálin og viljum við þakka henni fyrir vel unnin störf í félaginu frá upphafi þess. Í hennar stað kom Hanna Hauksdóttir og bjóðum við hana velkomna til starfa. Grautardagarnir hafa haldið sínu striki á árinu 2011 og er stefnan að halda þeim áfram og jafnvel að brydda upp á einhverjum nýjungum. Ráðnir voru tveir starfsmenn í þrjá mánuði í sumar til að sinna vagnferðum og safnvörslu í húsi Hákarla Jörundar.
Í september var söfnunardagurinn haldinn í fjórða sinn og tókst hann í alla staði vel. Leikklúbburinn Krafla sá um sölu á kaffinu og rann allur ágóði beint til Kröflu. Ákveðið hefur verið að halda áfram með þennan dag vegna þess hve vel hann hefur heppnast og kalla hann framvegis skemmtidag því þetta er einskonar uppskeruhátíð okkar eftir sumarið. Að þessu sinni var hagnaður af deginum um 70.000 kr. Inn á reikningnum eru til um 473.000.- og verður boðað til fundar með íbúum varðandi ráðstöfun peningana.
Það er ljóst að vinnu Ferðamálafélagsins lýkur aldrei og lítum við bjartsýn fram á veginn og ætlum okkur að gera góða hluti.

Gautaborgarferð 2011

Miðvikudaginn 6. júlí fórum við, Gígja og Einar í keppnisferðalag til Gautaborgar með Ungmennafélagi Akureyrar. Þar kepptum við á Världungdomsspelen í frjálsum íþróttum, m.a. í langstökki, kúluvarpi, 200m hlaupi, 80m hlaupi og hástökki. Völlurinn sem við kepptum á heitir Ullevi. Gistiheimilið sem var gist á heitir Kvibergs Vandrarhem. Fyrsti dagurinn var frídagur. Þá fórum við að skoða Ullevi, við komum inn á völlinn og vorum ekki að trúa stærðinni á þessu. Eftir það var kíkkað í verslunarmiðstöðina Nordstan. Þar versluðu sumir meira en aðrir. Svo var það auðvitað H&M. Fyrsta keppnisdaginn var rigning og kuldi, ekki fannst okkur neitt voðalega gaman að keppa í grenjandi rigningu fyrsta keppnisdaginn okkar. Einar keppti ekki fyrsta daginn, en hann var áhorfandi í þessari rigningu !, Gígja keppti í kúluvarpi fyrsta dagin. Annan daginn var sól og 25°C hiti. Við vorum flest með sólhlífar, enda voru allir í stúkunni þar sem var skjól. Einar keppti í 80m spretthlaupi annan daginn sinn, Gígja keppti svo í hástökki og 80m spretthlaupi. Svo var maður auðvitað að hvetja félaga sína áfram. Á hverju einasta kvöldi fórum við á veitingastað sem var í nágreninu. Þriðja daginn var líka æðislegt veður, sól og 22 ° C. Einar keppti í kúluvarpi og langstökki þriðja og síðasta keppnisdaginn. Gígja keppti í 200m hlaupi og langstökki. Þegar við lögðum af stað á gistiheimilið var fínt veður, en svo þegar við komum úr sporvagninum var allt í einu komin grenjandi rigning, sú mesta sem við höfum lent í.

Fimmta daginn fórum við svo í Skara Sommarland það er vatnsleikjagarður með margar stórar rennibrautir. Sjötta daginn fórum við í tívolíið Liseberg þar fannst okkur mjög gaman. Seinasta daginn í Gautaborg var frídagur. Áætlað flug var um kvöldmatarleytið en því seinkaði til nætur.
Í heildina fannst okkur ferðin mjög skemmtileg og viljum þakka öllum sem studdu okkur.

Gígja og Einar.



Molar úr starfsemi UMF.Narfa árið 2011

Starfsemin hefur verið sæmilega lífleg á árinu.
Hefðbundnir liðir eru áramótaball og dagskrá á 17 júní
Jólatrésskemmtum og jólapóstur
en Narfi hefur séð um 17 júní í áratugi, þar er að sjálfsögðu víðavangshlaupið sem hefur haldist allan þennan tíma og verður vonandi áfram um ókomna tíð það eru nokkrar kynslóðir af Hríseyingum sem hafa tekið þátt í því.
En það hefur margt breyst í starfseminni eftir að íþróttahúsið var tekið í notkun árið 2008, Unnar Vilhjálmsson hefur komið einu sinni í viku að þjálfa krakkana í frjálsum íþróttum og hafa krakkarnir tekið þátt í nokkrum mótum og meira að segja fóru tveir krakkar, þau Einar og Gígja til Svíþjóðar í sumar með UFA til að keppa ,síðan er það orðin árlegur viðburður að halda Hríseyjarmótið í frjálsum og var það haldið í september að þessu sinni en vanalega er það haldið 30 apríl á þessu móti keppa krakkar frá Narfa og UFA.
Sumarið var í rólegri kantinum,en næsta sumar verður vonandi boðið uppá fótboltaæfingar og leikjanámskeið fyrir yngri krakkana,en fótboltaæfingar hafa verið í haust í íþróttahúsinu 1x í viku og er mæting á þessar æfingar mjög góð en hópurinn er tvískiptur yngri og eldri,einnig hafa gamlar og nýjar knattspyrnuhetjur mætt 1x í viku og rifjað upp gamla takta.
Ingibjörg (hans Heimis) og Berglind (hans Gunna) hafa boðið uppá íþróttaskóla fyrir krakka sem ekki eru byrjuð í skóla og í haust hafa 12 börn verið að iðka íþróttir hjá þeim stöllum
Eftir áramót stendur jafnvel til að bjóða uppá handboltaæfingar ef næg þátttaka fæst en það verður nánar auglýst síðar.
Síðast en ekki síst eru nokkrar hressar konur sem stunda blakið af miklu kappi.
Ungmennafélagið Narfi óskar öllum Hríseyingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Eflum atvinnu, verslum í heimabyggð.

Opið alla daga. Alltaf heitt á könnunni.

Júllabúð

Fréttir úr skólastarfinu

Skólastarf í Hríseyjarskóla gengur vel í báðum deildum bæði grunnskóladeild og leikskóladeild. Haustönn skólaársins er nú lokið og við tekur vetrarönn, með jólastússi og mikilli vinnu við skreytingar, kortagerð og fleira. Gluggarnir hafa verið málaðir með jólamyndum eftir nemendur og kveikt á jólaljósunum. Eins og undanfarin ár þá erum við búin að velja okkur jólatré upp á ey og við stefnum að því að fara þann 14. desember og sækja það. Þeir sem vilja koma með okkur í þann leiðangur eru velkomnir.
Í lok október fórum við í vikuheimsókn til Færeyja með nemendur í 5. 6. 7. og 8. bekk.
Við erum búin að vera í samstarfi við skóla í Kvívík í eitt ár, fengum styrk frá Nord Plus til að vinna að þessu verkefni, nemendur hafa skrifast á og fleira. Það var vel tekið á móti okkur í Færeyjum og í mars næst komandi koma nemendur og kennarar frá Kvívík í heimsókn til okkar.

Á foreldrakaffi sem haldið var á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember sl. var undankeppni í Stóru upplestrarkeppninni og þar sigraði Gígja Teitsdóttir . Þennan sama dag fengum við afhentan Grænfánann í fjórða skiptið, en Grænfáninn er alþjóðlegt umhverfismerki sem nýtur virðingar víða um heim sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.

Eftir áramótin ætlum við að taka þátt í spurningakeppni Grunnskólanna, keppnin er á landsvísu en keppnin verður svæðisskipt til að byrja með. Einn skóli stendur uppi sem svæðismeistari og tekur þátt í undanúrslitum átta skóla. Liðið okkar skipa Mónika Sól Jóhannsdóttir, Einar Örn Gíslason og Reynir Þrastarson.
Að lokum óskar starfsfólk og nemendur Hríseyjarskóla ykkur öllum gleðilegra jóla og velfarnaðar á komandi ári.



Konfekt og piparkökur frá 1. desember.

Njótum aðventunnar.

Verið velkomin.

Sparisjóður Svarfdæla, Hrísey

Hluti af grein úr Morgunblaðinu 31 júlí 1955

Báturinn klauf öldurnar svo freyddi af kinnungunum. Veður var gott, en nokkur alda og vorum við á leið með lítilli ferju út í næst stærstu eyju við Ísland, Hrísey.
Hjarta Eyjafjarðar hefur hún stundum verið nefnd þar sem hún rís úr sjó í miðjum firðinum, um stundarfjórðungs bátsferð frá Árskógssandi. Og þangað var förinni heitið út í eyna sem svo fjölmargir sigla fram hjá en fæstir heimsækja, þar sem 300 íbúar lifa og tveir bílar aka um. Þar hefur ein mesta útgerðarstöðin verið frá öndverðu við Eyjafjörð og þar hafa lifað sægarpar og kempur mann fram af manni.

Á bryggjunni hittum við að máli tvo af höfðingjum eyjarinnar þá Þorstein Valdimarsson hreppstjóra og Jörund Jörundsson útgerðarmann. Eru þeir báðir gamlir og gerkunnugir Hríseyingar.Og sögðu þeir okkur hvernig málum væri háttað í Hrísey í dag. Eins og áður sagði eru íbúar um 300 og hefur heldur verið að fækka en þegar þeir voru flestir voru um 380 íbúar. Í dag eru gerðir út um 4 dekkbátar og 12 trillur, hér er 1 frystihús og tvær síldarstöðvar,
Það sem brennur á mönnum núna eru samgöngumálin en til stendur að reisa flugvöll hér og verður hann það stór að hér ætti að vera mögulegt að halda uppi áætlunarflugi. Einnig er í bígerð hitaveita og laxár rafmagn.
Lítið hefur fiskast í vetur og í vor og næstum eins og hafið sé þurrt af fiski segir Jörundur.

Eina ráðið til að auka fiskgengdina og aflamagnið er að friða stærra fyrir Norðurlandi allt svæðið innan við línu sem dregin er frá Rauðanúpum til Grímseyjar og þaðan til Horns, þá fyrst fjölgar fiskinum og aflinn glæðist aftur segir Þorsteinn Valdemarsson.

Þessa grein ásamt fjölda annara er hægt að lesa í Húsi Hákarla Jörundar

Fréttir frá Útgerðarfélaginu Hvammi

Hjá Hvammi hefur verið næg vinna eftir að farið var af stað á nýju fiskveiðiári sem hófst 1.september sl.
Tveir bátar eru að landa Siggi Gísla og Eydís. Aflinn hefur verið sæmilegur og meirihlutinn ýsa en það er alvanalegt á þessum árstíma.
Eins og kunnugt er þá keypti Hvammur frystihúsið fyrr á þessu ári og hefur verið unnið að endurbótum síðustu mánuði og er stefnt að flutningi fyrir jól.
Þá hóf fyrirtækið framleiðslu á harðfiski sl. vetur og hefur verið stígandi í sölunni bæði hér innanlands og á Noregsmarkað.
Reiknað er með að halda áfram framyfir miðjan desember og taka þá jólafrí og byrja strax á nýju ári.

Þröstur Jóhannsson.

Viðburðir í nóvember og desember.

Hríseyjarkirkja

Aðventukvöld í Hríseyjarkirkju fyrsta sunnudag í aðventu 27. nóvember kl. 16.30. **ATH breyttan tíma.**

Laugardaginn 3. desember kl. 18.00 verður kveikt á leiðalýsingu og að venju verður hugvekja í kirkjugarðinum.

Aðfangadagur jóla
Aftansöngur verður haldinn í Hríseyjarkirkju aðfangadag 24. des. kl. 18:00.

Sóknarprestur

Litlu jólin hjá Eyfar

Föstudaginn 2. desember kl. 18.00 verða litlu jól Eyfars. Þau eru haldin í íþróttamiðstöðinni.

Möndlugrautur í Hlein

Grautardagur sem var auglýstur 3. desember verður **laugardaginn 10. desember**.

Jólaljósa samkeppni

Úrslit í samkeppninni verða tilkynnt í Júllabúð **22. desember kl.17.00**.

Gallerí Perla

Opið verður í Perlunni:
Sunnudaginn 27. nóvember kl. 13.00 – 16.00 og **laugardaginn 10. desember** kl. 13.00 – 17.00.

Grunnskólinn

Jólaföndur í Grunnskólanum **laugardaginn 26. nóvember kl. 13.00.**
Litlu jólin 21. desember. Kennsla hefst aftur 4. janúar.

Kveikt á jólatré

Kveikt verður á jólatré **fimmtudaginn 1. desember kl. 17.00.** Heitt súkkulaði og smákökur í Júllabúð á eftir.

Jólatónleikar í Sæborg

Stormsveitin ásamt gestum, nánar auglýst síðar.

Jólapósturinn 23. desember

Tekið á móti jólapósti í **Júllabúð** milli kl. 13.00 og 15.00.

Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtun verður haldin **annan dag jóla** í Íþróttamiðstöðinni og hefst **kl. 15:00.** Ýmislegt verður gert til skemmtunar og má eiga á von á að jólasveinar komi í heimsókn.



Ungmennafélagið Narfi og foreldrafélag grunnskólans.

Áramótaballið

Áramótadansleikur verður nánar auglýstur síðar.

Ungmennafélagið Narfi.

Flugeldasala

Árleg flugeldasala Björgunarsveitarinnar verður 29. des – 31. desember í húsnæði sveitarinnar að **Ægisgötu 13**.
Afgreiðslutími verður auglýstur nánar í Júllabúð.

Björgunarsveitin.

Veitingahúsið Brekka

Kaffihlaðborð.
Laugardaginn 3. desember kl 15.00-16.30

Jólabingó.
15. desember. Barnabingó kl. 16.00
15. desember. Bingó kl. 20.30

Jólaglögg og huggulegheit.
Laugardaginn 10. desember kl. 21.00.
Upplestur Hallgrímur Helgason og fl.

Þorláksmessa.
Skötuhlaðborð frá kl. 18:00
Athugið að panta fyrir 19. desember

Miðvikudagur 28. desember.
Víkingalottó opið frá kl. 15.00

Föstudagur 30. desember.
Opið frá kl. 17.30, lottó, pizzur og bar.

Veitingahúsið Brekka

Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennu á gamlársdag kl. 17:00**.**